



# EFNAHAGSLEG UMSVIÐ OG AFKOMA SJÁVARKLASANS Á ÍSLANDI 2011

# INNGANGUR

Þrátt fyrir að um árabíll hafi sjávarútvegur þróast frá því að vera fyrst og fremst veiðar og vinnsla í það að vera grein sem samanstendur af ýmsum atvinnugreinum, veiðum, vinnslu, tækni, flutningum, sölu o.fl., hefur verið skortur á heildstæðum upplýsingum um alla þessa atvinnustarfsemi sem hér er nefnd einu nafni „sjávarklasi“ (e. ocean cluster). Skortur á upplýsingum um þróun þessa klasa hefur hamlað umræðu um áhrif hans og möguleika. Í opinberri umræðu er oftast látið í veðri vaka að störfum í sjávarútvegi fækki en þar er þó aðeins litið til sjávarútvegs og vinnslu, mikilvægrar undirstöðu klasans, en fjarri því einu starfsemi í fjölbreyttri flóru hans. Í framhaldi er fullyrt að sjávarútvegur geti ekki orðið uppistaðan í efnahagslífi landsins á komandi árum og áratugum þar sem sífellt færri einstaklinga þurfi til veiða og vinnslu.

Rannsóknir hafa sýnt að hinn hefðbundni sjávarútvegur, þ.e. fiskveiðar og vinnsla, er grunnatvinnuvegur á Íslandi (Ragnar Árnason og Sveinn Agnarsson 2005). Það merkir m.a. að framlag hans til landsframleiðslunnar er meira en sá virðisauki sem hann skapar beint. Á grundvelli hefðbundins sjávarútvegs hefur síðan vaxið upp safn atvinnuvega og fyrirtækja sem þjóna þörfum hans. Þetta safn atvinnuvega er í heild sinni nefnt sjávarklasinn. Mælingar hafa sýnt að stór hluti af heildarframlagi sjávarútvegs til landsframleiðslunnar er vegna starfsemi sjávarklasans (Ragnar Árnason og Þór Sigfússon 2011).

Í rannsókn Ragnars Árnasonar og Þórs Sigfússonar o.fl. „Þýðing sjávarklasans í íslensku efnahagslífi“, (2012) var gerð tilraun til að greina eðli og umfang sjávarklasans eins og hann er í dag, meta vaxtarmöguleika hans til framtíðar og lýsa þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að þeir vaxtarmöguleikar nýtist sem best. Markmið þessarar greinargerðar er að halda áfram þeirri vinnu sem lagður var grundvöllur að á síðustu árum að greina eðli og umfang sjávarklasans og þróun hans ár frá ári. Með áframhaldandi vinnu gefst færi á að bera afkomu hans saman milli ára, meta vaxtarmöguleika hans til framtíðar og lýsa þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að þessir möguleikar nýtist sem best. Með þessu er greitt fyrir því að vaxtartækifæri í sjávarklasnum séu nýtt til fullnustu og þar með einnig mjög verulegri aukningu á framlagi sjávarútvegs til þjóðarbúsins.

## **Þór Sigfússon**

framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans

## **Haukur Már Gestsson**

hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasnum

### Um Íslenska sjávarklasann

Íslenski sjávarklasinn hóf tilveru sína sem rannsóknarverkefni við viðskiptadeild Háskóla Íslands vorið 2010. Markmið Íslenska sjávarklasans er að auka verðmæti þeirra fyrirtækja sem starfa í klasanum. Samstarfsaðilar eru leiðandi fyrirtæki innan sjávarklasans en með styrkingu tengslaneta stuðlar Íslenski sjávarklasinn að því að auka tækifæri til samstarfs og nýsköpunar. Á hverri stundu vinnur teymi Sjávarklasans að margvíslegum verkefnum á grundvelli klasahugmyndafræði, en meðal helstu verkefna árið 2012 eru stofnun fullvinnsluklasa á Reykjanesi, sameiginleg markaðssetning tæknifyrirtækja og aukning þjónustu við erlend skip á Íslandi.

# EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGUR</b>	<b>2</b>
<b>SAMANTEKT</b>	<b>4</b>
<b>SJÁVARÚTVEGUR ÁRIÐ 2011 OG FRAMLAG TIL LANDSFRAMLEIÐSLU</b>	<b>5</b>
Beint framlag	6
Óbeint framlag	6
Eftirspurnaráhrif	7
Framlag stoðgreina	7
<b>AÐRAR GREINAR SJÁVARKLASANS</b>	<b>8</b>
Tæknifyrirtæki í sjávarklasanum vaxa	8
Flutningastarfsemi eflist	8
Sölu- og markaðsstarfsemi í umróti	9
Fullvinnsla afurða og líftækni sækir á	9
Fiskeldi stöðugt	10
<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	<b>11</b>
<b>HEIMILDIR</b>	<b>13</b>


# SAMANTEKT

Niðurstöður greiningarinnar, sem hér er birt, gefa mynd af þeim áhrifum sem ætla má að íslenski sjávarklasinn hafi haft á atvinnustarfsemi og hagkerfið í heild árið 2011.

Niðurstöðurnar eru þær að framlag sjávarútvegs og tengdra greina í sjávarklasnum, í formi beins og óbeins framlags, eftirspurnaráhrifa og sjálfstæðs útflutnings stoðgreina nemi um 27,1% af vergri landsframleiðslu en þetta sama hlutfall var áætlað um 26% árið 2010.

Þá benda niðurstöðurnar til þess að störfum í sjávarklasnum hafi fjölgað um a.m.k. 3 til 5% á árinu 2011. Aukningin milli ára skýrist m.a. í fjölgun starfa í fiskvinnslu og útgerð, tæknifyrirtækjum og ýmsum óbeinum störfum sem tengjast sjávarútvegi. Í samtölum við fjölda útgerðarfyrirtækja kom fram að þau stefna að aukinni hagræðingu og fækkun starfsfólks til að mæta aukinni skattheimtu. Þessi fækkun starfsfólks kom þó ekki fram á árinu 2011 en er líkleg til að hafa áhrif á árinu 2012 og 2013.

Framlag sjávarklasans til landsframleiðslu



Athygli vekur að velta í mörgum greinum klasans hefur vaxið mun meira hlutfallslega en starfsmannafjöldi sem gefur til kynna að framleiðni hafi aukist. Ný skýrsla ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey um íslenska hagkerfið tiltók að íslenskur sjávarútvegur væri sá atvinnuvegur sem best hafi tekist að auka framleiðni á undanförunum árum. Þessi þróun virðist halda áfram árið 2011.


Einna mestur vöxtur hefur orðið í tæknifyrirtækjum í sjávarklasnum. Áætlað er að velta þessara fyrirtækja hafi aukist um 15% á árinu 2011 í samanburði við árið 2010. Þá eru ýmis merki um að vöxtur í iðnaði tengdum fullvinnslu afurða og líftækni hafi orðið um 10-15% en gera má ráð fyrir að sá vöxtur verði meiri á komandi misserum miðað við þær áætlanir sem ýmis fyrirtæki á þessu sviði hafa uppi.

Aukin velta í sjávarútvegi hafði jákvæð áhrif á nær allar aðrar tengdar greinar hvort sem er í verzlun, þjónustu eða iðnaði.

Sé litið á sjávarklasann í heild var árið 2011 gott ár með aukinni arðsemi á flestum sviðum. Blikur eru þó á lofti í greininni með auknum álögum og óvissu á alþjóðlegum mörkuðum. Frekari vöxtur og framleiðniaukning í sjávarklasnum fæst með því að stöðugleiki ríki í rekstrarumhverfi hans og óvissu verði eytt um fyrirkomulag fiskveiða.

# SJÁVARÚTVEGUR ÁRIÐ 2011 OG FRAMLAG TIL LANDSFRAMLEIÐSLU

Heildarafli árið 2011 nam um 1.150 þúsund tonnum og jókst um 8% frá árinu áður. Verðmæti aflans var um 154 milljarðar króna sem er 16% aukning frá árinu áður. Þrátt fyrir að heildarafli hafi minnkað mikið frá því sem áður var, hefur verðmæti hans, mælt á föstu verðlagi, farið stigandi síðastliðin ár. Ástæða þessa er meðal annars hækkandi fiskverð á alþjóðamörkuðum og veik staða íslensku krónunnar. Verð á fiskimjöli hefur verið í sögulegu hámarki undanfarin ár og verð á bolfiski hefur verið ágætt en þó eru þar blikur á lofti vegna aukinna veiða og óvissu á mörkuðum.



Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru bein störf við veiðar og vinnslu í sjávarútvegi um 9 þúsund árið 2011 og hafði fjölgað um tæp 5% frá árinu á undan. Eins og hér er nefnt annars staðar segja þessar tölur þó ekki svo mikið þar sem fjölmörg verkefni sjávarútvegsfyrirtækja, sem áður var sinnt innan fyrirtækjanna sjálfra, eru nú unnin af sjálfstæðum þjónustufyrirtækjum. Þessi þjónustufyrirtæki, sem m.a. sinna löndun, ýmsum viðgerðum o.fl., teljast hins vegar ekki til sjávarútvegsins. Fyrri athuganir benda til þess að sjávarklasinn standi beint og óbeint undir 15-20% af störfum í landinu, eða 25 til 35 þúsund störfum. Auk fjölgunar í störfum við veiðar og vinnslu um u.þ.b. 400 störf, kom í ljós að þau fyrirtæki sem haft var samband við fjölguðu starfsfólki um a.m.k. 100 í heild. Þessi aukning hefur ugglaut í för með sér aukningu í afleiddum störfum og má því varlega gera ráð fyrir því að fjöldi starfa sem sjávarklasinn skapar hafi aukist um 3 til 5% á árinu.

Hér verður leitast við að leggja mat á efnahagsleg áhrif sjávarklasans á árinu 2011. Í því skyni verður stuðst við grunn gögn úr rannsóknum á umsvifum sjávarklasans árið 2010 og þau notuð til að uppfæra það mat fyrir síðasta ár. Þessi aðferðarfræði byggir á þeirri forsendu að sjávarútvegurinn sé grunnatvinnuvegur. Flokka má framlag grunnatvinnuvega til landsframléiðslu í þrennt:

- Beint framlag, sá virðisauki sem skapast í greininni sjálfri
- Óbeint framlag, sá virðisauki sem skapast í þeim greinum sem sjá grunnatvinnuveginum fyrir aðföngum eða vinna frekar úr afurðum hans
- Eftirspurnaráhrif, sá virðisauki sem skapast í atvinnuvegum sem sjá starfsfólki í sjávarútvegi og tengdum greinum fyrir vöru og þjónustu

Þannig er ætlunin að meta heildarhlutdeild þessara þátta í vergri landsframléiðslu. Töluleg gögn um beint framlag sjávarútvegs til landsframléiðslu liggja fyrir hjá Hagstofu Íslands. Erfiðara er að meta hið óbeina framlag og eftirspurnaráhrif, en ýmsar leiðir eru færar til að meta þessa þætti.



## Beint framlag

Beint framlag sjávarútvegsins til landsframleiðslu er sá virðisauki sem myndaður er í sjávarútvegi í formi launagreiðslna og hagnaðar, en þessar tölur tekur Hagstofa Íslands saman. Þar er hægt að sjá hve mikið fisveiðar, fiskeldi og fiskvinnsla telja í vergri landsframleiðslu. Samanlögð hlutdeild þessara greina lækkaði mikið á áratuginum fyrir efnahagshrunið 2008, eða úr rúmum 13% niður í u.þ.b. 6% árið 2007. Hlutdeildin hefur svo stigið eftir það. Árið 2011 var hlutdeild fiskveiða og vinnslu orðin 10,5% og jókst þannig um 6% frá árinu áður. Vert er þó að taka fram að þessar tölur eru enn merktar sem bráðabirgðatölur hjá Hagstofu og gætu því breyst lítillega þegar öll kurl eru komin til grafar.<sup>1</sup>


## Óbeint framlag

Óbeint framlag er sá virðisauki sem myndast í þeim greinum sem sjá sjávarútveginum fyrir aðföngum eða vinna frekar úr afurðum hans. Tilurð óbeins framlags byggir á þeirri forsendu að viðskipti sjávarútvegs við aðrar greinar auki á virðisauka þeirra, t.d. vegna aukinnar framleiðslu. Þetta framlag er ekki reiknað af Hagstofunni, en hægt er að áætla það sem margfeldi

<sup>1</sup> Þetta var raunin með upplýsingar Hagstofu um beint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu árið 2010. Í greinagerð Sjávarklasans um heildarframlag sjávarklasans það ár kemur fram að þetta framlag hafi verið 10,2% en eftir útgáfu skýrslunnar var þessari tölu breytt af Hagstofu og er nú áætluð um 9,9%.

þess virðisauka sem myndast í greinunum og hlutdeild sjávarútvegs í heildarveltu þeirra. Forsenda þessa mats er að virðisauki af viðskiptum við sjávarútveg sé að jafnaði sá sami og af viðskiptum við aðrar greinar.

Beint framlag sjávarútvegs til VLF



Í greiningu Íslenska sjávarklasans á árinu 2010 fór fram mikil gagnasöfnunavinna þar sem haft var samband við úrtak stórra og smárra fyrirtækja í sjávarútvegi og fengnar upplýsingar um öll kaup þeirra á aðföngum frá öðrum fyrirtækjum sem telja má til sjávarklasans á Íslandi. Þessi fyrirtæki voru svo flokkuð niður eftir atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands. Þá var haft samband við úrtak fyrirtækja í viðkomandi flokkum og upplýsinga aflað um veltu þeirra, vinnuafslnotkun og almennt rekstrarumfang. Með þessu móti var unnt að áætla heildarveltu í þessum greinum og þar með þá hlutdeild í veltu þeirra sem rekja má til viðskipta við sjávarútveg.

Í greiningu á óbeinu framlagi sjávarútvegs á árinu 2011 var niðurstöðum þessarar greiningar beitt á gögn

Hagstofu um virðisauka í þessum greinum á því ári. Þannig þótti ekki ástæða til að uppfæra greininguna í heild sinni, enda óhætt að gera ráð fyrir að hlutdeild sjávarútvegs í veltu tengdra greina breytist ekki mikið frá ári til árs.

Í töflu 1 má sjá hlutdeild sjávarútvegs í heildarveltu atvinnugreina. Mest er þessi hlutdeild í textíliðnaði en þar undir fellur netagerð og ýmis önnur veiðafæragerð. Hún er einnig mikil í stjórnsýslu en ekki síður í starfsemi félaga og samtaka. Málmsmíði og viðgerðir eru stór þáttur í viðhaldi fiskiskipa og fiskvinnslustöðva, en um 30% af heildarveltu þeirrar greinar má rekja til viðskipta við sjávarútveg. Rétt er að minnast á að hlutdeild sjávarútvegs í flutningaþjónustu og miðlun er talin vanmetin þar sem flutningar eru oft á vegum kaupenda sjávarafurða, umboðsaðila eða annarra. Samkvæmt upplýsingum frá stærstu flutningafyrirtækjum landsins lætur nærri að um þriðjung af veltu þessara félaga megi rekja til sjávarútvegs. Í framleiðslu annarra fyrirækja má finna skipasmíði og viðgerðir, í trjáíðnaði er sjávarútvegur stór kaupandi umbúða úr viðartrefjum og með umboðsverslun án ökutækja er helst átt við innflutning og sölu á veiðarfærum, vélum, verkfærum, fatnaði og umbúðum.

TAFLA 1. MAT Á HLUDEILD SJÁVARÚTVEGS Í HEILDARVELTU ATVINNUGREINA 2010

HEITI	HLUTDEILD Í HEILDARVELTU
Textíliðnaður	49,59%
Stjórnsýsla; ekki almannatryggingar	35,77%
Starfsemi félaga og samtaka	34,54%
Málmsmíði og viðgerðir	29,73%
Flutningaþjónusta og miðlun	20,97%
Framleiðsla annarra farartækja	16,29%
Trjáíðnaður	13,34%
Vélsmiði og viðgerðir	12,04%
Samgöngur á landi	7,76%
Samgöngur á sjó og vatnaleiðum	7,30%
Umboðsverslun án ökutækja	5,64%
Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	3,39%
Rannsóknir og þróunarstarf	2,96%
Sala og rekstur fasteigna	2,38%
Efnaiðnaður	2,07%
Önnur viðsk. og sérhæfð þjónusta	1,84%
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	1,35%
Póstur og sími	1,02%
Bílasala, viðhald; bensínsala	1,02%
Tölvur og tölvuþjónusta	0,92%

Þegar niðurstöðum þessarar greiningar hefur verið beitt á tölur Hagstofu um framlag einstakra atvinnuvega til

vergrar landsframleiðslu fást þær niðurstöður að óbeint framlag sjávarútvegs sé um 7,7% og hafi þannig hækkað í takt við beina framlagið sem hækkaði úr 9,9% í 10,5% á milli 2010 og 2011. Því er beint og óbeint framlag sjávarútvegs til vergrar landsframleiðslu metið 18,4% árið 2011 samanborið við 17,5% árið áður.

## Eftirspurnaráhrif

Þeim virðisauka sem sjávarútvegur skapar beint og óbeint í formi launagreiðslna og hagnaðar er varið til kaupa á neysluvörum og þjónustu í hagkerfinu og leggur greinin þannig enn meira til hagkerfisins. Þessi áhrif nefnast eftirspurnaráhrif eða margföldunaráhrif, en afar flókið er að ætla sér að meta þau á nákvæman hátt og liggja því ekki fyrir sjálfstæðar rannsóknir á umfangi þeirra hérlendis. Í rannsókn um mikilvægi sjávarútvegs í Kanada hefur verið sýnt fram á að umfang áhrifanna sé nálægt því að vera jafnt umfangi óbeinna áhrifa í landshlutum sem eiga mikið undir sjávarútvegi (Pinfold, 2009). Líklegt þykir að þessi áhrif séu á milli 50 og 100% af beinu og óbeinu framlagi. Þetta er í ágætu samræmi við aðrar athuganir (Agnarsson og Arnarson; GSGislason; KPMG 2010). Í rannsókn Sjávarklasans á árinu 2010 var kosin sú varfærnisleið að vera heldur undir neðri mörkum í áður nefndu bili og gera ráð fyrir að eftirspurnaráhrifin nemi 40% af beinum og óbeinum virðisauka sjávarútvegsins. Miðað við að sá virðisauki sé 18,4% af vergri landsframleiðslu eru eftirspurnaráhrif metin u.b.b. 7,4%.

## Framlag stoðgreina

Hér á eftir verður gerð grein fyrir margháttaðri þjónustustarfsemi sem vaxið hefur upp í skjóli sjávarútvegs en stundar nú sjálfstæða útflutningsstarfsemi af ýmsum toga og er orðin mikilvægur partur sjávarklasans. Áætlað var að velta í sjálfstæðum útflutningi þessara stoðgreina sjávarútvegs hafi numið rösklega 42 milljörðum króna árið 2010 og varlega var áætlað að sú velta gæti orsakað u.þ.b. 1,5% beint og óbeint framlag til landsframleiðslu. Þar sem ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um veltu í sjálfstæðum útflutningi þessara fyrirækja á árinu 2011 þótti ekki ástæða til að hækka þetta mat milli ára. Hins vegar bendir ýmislegt til að talsverð veltuaukning hafi orðið í þessari starfsemi, sér í lagi hjá tæknifyrirtækjum.

# AÐRAR GREINAR SJÁVARKLASANS

Tilvera sjávarklasans og sú efnahagslega geta sem hann býr yfir felur í sér veruleg tækifæri til framhaldandi vaxtar og þar með aukningar í framlagi sjávarklasans til landsframléiðslunnar. Um það eru mörg dæmi erlendis að grunnatvinnuvegir, hliðstæðir sjávarútvegnum hér á landi, hafi getið af sér tengda atvinnuvegi (þ.e. atvinnuklasa) sem hafi síðan vaxið að því marki að þeir verði jafnvel þjóðhagslega mikilvægari en grunnatvinnuvegurinn sem skapaði þeim tilveru í upphafi (Porter, 1990). Ekki verður annað séð en hlutlæg skilyrði séu fyrir því að íslenski sjávarklasinn þróist með sama hætti. Hinn þjóðhagslegi ávinningur af slíkri þróun getur augljóslega verið mjög mikill.

Stærstu greinarnar sem vaxið hafa upp í skjóli sjávarútvegsins og náð sjálfstæðri stöðu á alþjóðamarkaði eru sölu- og markaðsfyrirtæki í sjávarútvegi, flutningastarfsemi, fullvinnslufyrirtæki og tæknifyrirtæki.

## Tæknifyrirtæki í sjávarklasnum vaxa

Athugun Íslenska sjávarklasans á veltu tæknifyrirtækja í sjávarklasnum leiðir í ljós að útflutningur þeirra gekk vel á árinu 2011. Fyrirtækin, sem eru um 65 talsins, fluttu út tækjabúnað eða vörur tengdar honum fyrir rúma 16 milljarða kr. árið 2010 en áætlað er að útflutningur á árinu 2011 hafi verið um 20 milljarðar. Nokkur stöðnun ríkti á innanlandsmarkaði. Sala þessara fyrirtækja á innanlandsmarkaði var um 11 milljarðar á árinu 2011 og stóð að mestu í stað á milli ára.

Hér ber þess að geta að stærstu tæknifyrirtækin í sjávarklasnum, Marel og Hampiðjan eru með umtalsverðan hluta af sinni starfsemi sem tengist sjávarútvegi erlendis. Velta þessara fyrirtækja (sem tengist sjávarútvegi eða fiskeldi), að meðtöldum dótturfyrirtækjum erlendis samsvaraði um 12,8 milljörðum króna 2011. Ekki liggja fyrir tölur um uppskiptingu íslenskrar og erlendra starfsemi þeirra og því er áætlað að um þriðjungur veltunnar verði til á Íslandi.

Mikill vöxtur er í útflutningi á ýmsum tækjum og búnaði fyrir skip og útflutningi tæknibúnaðar tengdum fiskvinnslu. Mest aukning er í sölu ýmis konar búnaðar í skip. Þar er meðal annars um að ræða tækni sem bætir

orkunýtingu skipa, ýmis hugbúnaður o.fl. Útflutningur á tækjum og búnaði í skip var um áætlað um 2,5 milljarðar kr. árið 2011 en var á sama tíma árið áður um 1,6 milljarðar. Útflutningur tæknibúnaðar tengdum fiskvinnslu er áætlað að hafi verið um 8 milljarðar árið 2011 og aukist um tæpan þriðjung frá árinu áður.

Flestar tæknigreinar sjávarklasans virðast í sókn í útflutningi hvort sem er í framleiðslu fiskvinnsluvéla, kælitækni, hugbúnaðargerð eða grænni tækni. Tæknifyrirtæki sem þróað hafa hvers konar umbúðir, pakkningar eða veiðarfæri gera ráð fyrir minni vexti eða á bilinu 5-10%. Ýmis ráðgjafarfyrirtæki juku einnig starfsemi sína á árinu 2011 en ekki liggja fyrir tölur um veltu þeirra fyrirtækja.

Mest aukning er í útflutningi stærri tæknifyrirtækja í sjávarklasnum. Á meðal stærstu fyrirtækjanna eru Marel, Hampiðjan, Héðinn, Promens, Marorka, Vaki, Skaginn, Frost og 3X. Segja má að tíu stærstu fyrirtækin beri uppi þungan af auknum útflutningi enda hafa stærri fyrirtækin mun meira svigrúm til markaðssetningar á alþjóðlegum mörkuðum en þau sem minni eru. Meðalvöxtur stærstu tæknifyrirtækjanna var árið 2011 umtalsvert meiri en vöxtur flestra en ekki allra minni fyrirtækjanna. Sú staðreynd ætti að benda til mikilvægis þess að frekari samruni eigi sér stað í tæknigeiranum í sjávarklasnum og þannig skapist meira svigrúm til erlendra sölu- og markaðssetningar.

Í heild er því áætlað að velta tæknifyrirtækja í sjávarklasnum hafi verið röskir 30 milljarðar á árinu 2011 og aukist um 15% á milli ára. Að meðtöldum heildarveltutölum samstæða Marels og Hampiðjunnar var velta tæknifyrirtækja í íslenska sjávarklasnum tæplega 40 milljarðar króna á árinu 2011.

Ekki fengust upplýsingar um fjölgun starfsmanna á árinu 2011 en hún er þó talin óveruleg. Þó hafa nokkur fyrirtæki, sem vaxið hafa mest, bætt við sig um samtals 30-40 starfsmönnum á árinu 2011. Starfsmenn tæknifyrirtækja í sjávarklasnum á Íslandi eru rúmlega 1000 talsins, mestmegnis tæknimenntað fólk.

## Flutningastarfsemi eflist

Í flutningastarfsemi hafa íslensk flutningafyrirtæki nýtt sér þekkingu sína á flutningum með fisk fyrir íslenskan sjávarútveg til að styrkja samkeppnisstöðu sína í flutningum á sjávarafurðum fyrir erlenda aðila á alþjóðlegum mörkuðum. Þannig hefur sérhæfing íslenskra fyrirtækja í frystiflutningum og flutningum á



ferskum fiski stuðlað að frekari vexti þeirra. Á árinu 2011 varð nokkur aukning í flutningamagni hjá skipafélögunum eða um 4-5%.

Velta tveggja stærstu flutningafyrirtækjanna Eimskips og Samskipa nam rösklega 140 milljörðum árið 2011 og jókst um tæp 5% á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrirtækjanna nam um 4,5 milljörðum króna og jókst lítillega frá árinu áður.

Samskip fjárfesti í tveim nýjum skipum í flota sinn og Eimskip fjárfesti í þrem frystiskipum til að sinna Noregsmarkaði og hóf smíði á tveim nýjum gámaskipum árið 2011 sem stefnt er að því að verði afhent á árinu 2013.

Velta Icelandair Cargo var um 10 milljarðar árið 2011 og er áætlað að um 40% af veltu fyrirtækisins sé með sjávarafurðir. Heildarvelta Icelandair Cargo hefur staðið í stað þar sem félagið dró saman í leiguflogi á erlendum mörkuðum. Hinsvegar jókst veltan í frakt um tæplega 10% á milli áruna 2010 og 2011.

## Sölu- og markaðsstarfsemi í umróti

Sölu- og markaðsstarfsemi með íslenskan fisk hefur verið mikilvægur partur af íslenskum sjávarútvegi. Sú þekking sem myndast hefur í sölu- og markaðsstarfsemi með íslenskan fisk hefur einnig verið nýtt til þess að þjóna öðrum mörkuðum með vinnslu, kaup eða sölu á fiski.

Stóru sölufyrirtækin tvö, Icelandic og Iceland Seafood International, veltu rösklega 111,6 milljörðum króna árið 2011. Heildarhagnaður fyrirtækjanna árið 2011 nam 10,6 milljörðum. Bróðurpartur hagnaðarins skýrist af sölu eigna Icelandic.

Árið 2011 var viðburðaríkt í sögu sölufyrirtækjanna og þá sérstaklega Icelandic Group. Á árinu 2011 voru verksmiðjur Icelandic Group í Frakklandi og Þýskalandi seldar auk verksmiðjustarfsemi félagsins í Bandaríkjunum og tengdrar framleiðslustarfsemi í Kína. Eftir standa verksmiðjur í Bretlandi sem að mestu framleiða fyrir neytendamarkað, framleiðslu- og þjónustustarfsemi á Íslandi auk sölu- og markaðsskrifstofa í Bretlandi, Noregi, Spáni og Japan. Auk stóru sölufyrirtækjanna er fjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem sinna sölu- og markaðsstarfsemi með fisk. Ekki liggja fyrir tölur um veltu þessara fyrirtækja né afkomu á árinu 2011.

## Fullvinnsla afurða og líftækni sækir á

Sprottið hafa upp nokkur öflug og sjálfstæð fyrirtæki sem vinna úr þeim sjávarafurðum sem framleiddar eru í fiskvinnsluhluta hins hefðbundna sjávarútvegs. Þeirra á meðal má nefna fyrirtæki í lifrarvinnslu, þurrkun, lýsisframleiðslu, ensím- og bragðefnavinnslu o.s.frv. Fremst í flokki þessara fyrirtækja, miðað við stærð, er Lýsi hf. sem var með um 6 milljarða veltu árið 2011. Þar á eftir koma stærstu þurrkerfsmiðjurnar eins og Haustak með á þriðja milljarð í veltu árið 2011.

Árið 2011 var gott ár hjá þeim fyrirtækjum sem haft var samband við. Velta stóru fyrirtækjanna í lýsisframleiðslu, lifrarframleiðslu og þurrkun jókst og starfsmönnum fjölgaði. Í sumum tilfellum var vöxturinn yfir 20% en fjölgun starfsmanna var mun minni eða um 2-5%.

Íslenski sjávarklasinn hefur unnið að lista yfir öll þau fyrirtæki sem starfa við hvers kyns fullvinnsluþróun í



tengslum við sjávarafurðir. Þessi listi er afar fjölbreyttur. Mörg þessara fyrirtækja eru lítil en stunda áhugaverða þróunarvinnu. Fjöldmörg fyrirtæki eru í þessum hópi og má nefna m.a. fyrirtæki á borð við Akraborg, Akthelia, ArcTract, BioPol, ChemoBacter, Framfoods, Genís, Green in Blue, Grímur kokkur, Grýta, Haustak, Iceprotein, IceWest, Íslensk hollusta, Laugafiskur, Marinox, MPF, Norðurbragð, Optimal, Primex, VG Jónsson og Þörungaverksmiðjan.

Nokkur þeirra fyrirtækja sem haslað hafa sér völl í heilsubótar- og snyrtivörum hafa náð ágætum árangri og velta þeirra jókst á árinu 2011. Þó er ljóst að mörg þeirra fyrirtækja sem stunda þróunarstarfsemi af ýmsum toga í sambandi við fullvinnslu eru lítil og þörf er á meiri fjárfestingu í rannsóknir og þróun í þessum anga sjávarklasans. Í þeim efnum nægir ekki að horfa til takmarkaðra fjármuna í rannsóknarsjóðum heldur þurfa fjárfestar og fjármálastofnanir að koma að verkefnum af þessu tagi í meira mæli.


## Fiskeldi stöðugt

Í ljósi þess hve mörg sjávarútvegsfyrirtæki eru áhrifavaldur eða leiðandi í fiskeldi á Íslandi var talið eðlilegt að taka fiskeldi með í þessa greiningu. Framleiðsla á eldisfiski hefur verið mjög stöðug frá því 2007 en árið 2011 var slátrað um 5.000 tonnum sem er smávægileg aukning frá árinu áður. Verðmæti útfluttra sjávarafurða úr eldi nam um 3,3 milljörðum árið 2011 en alls voru flutt út um 2.200 tonn sem er svipað og undangengin ár. Vert er þó að minnast á að útlit er fyrir það að árið 2012 hafi fiskeldisframleiðsla aukist um 50% frá árinu áður. Samfara þeirri þróun er gert ráð fyrir fjölgun starfsfólks, en árið 2011 störfuðu um 250 manns við fiskeldi.

# NIÐURSTÖÐUR

Eins og sjá má á þessari samantekt um afkomu sjávarklasans árið 2011 var árið gott þegar á heildina er litið fyrir fyrirtæki í klasanum. Lítil vafi leikur á því að heildarumsvif sjávarklasans á Íslandi eru töluvert meiri en beint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu gefur til kynna. Samfara aukningu í beinu framlagi veiða og vinnslu til hagkerfsins hefur óbeint framlag í formi verðmætasköpunar hjá stoðgreinum aukist í takt. Jafnframt má gera ráð fyrir að svonefnd eftirspurnaráhrif hafi glæðst og því má ætla að heildarframlag sjávarklasans til landsframleiðslu hafi verið rúm 27% á árinu.

Framlag sjávarklasans til landsframleiðslu



Blikur eru þó á lofti í greininni um komandi ár. Í fyrsta lagi er nokkur óvissa í alþjóðlegu efnahagslífi. Sú óvissa getur haft áhrif á allar þær greinar sjávarklasans sem stunda útflutning. Í öðru lagi er óvíst hvaða áhrif stórauknar aflaheimildir í þorskveiðum í Barentshafi og víðar munu hafa á fiskmarkaði. Mikilvægt er að grípa strax til aðgerða með því að auka markaðstarf erlendis. Í þriðja og síðasta lagi er með aukinni skattheimtu og fyrirhuguðum breytingum á lögum sköpuð óvissa í greininni sem dregur úr fjárfestingum og nýsköpun.

## Sérstakar þakkir

Þessi skýrsla byggir að hluta til á greiningar- og gagnavinnu hagfræðinganna Lindu B. Bryndísardóttur og Önnu Guðrúnar Ragnarsdóttur. Auk þess er byggt á rannsóknum Dr. Ragnars Árnasonar á grunnatvinnuvegum og viljum við færa honum sérstakar þakkir fyrir góð ráð og veitta aðstoð. Aukinheldur þökkum við Stefáni Jansen hjá Hagstofu Íslands fyrir liðsinni við gagnaöflun sem og þeim fjölda fyrirtækja sem veittu upplýsingar um rekstur og afkomu á árinu 2011.



GSGislason & Associates Ltd. 2007. *Economic Contribution of the Oceans Sector in British Columbia*. Kanada.

Hagfræðistofnun. 2007. *Hlutur sjávarútvegs í þjóðarbúskapnum*. C07:05. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Hagstofa Íslands. Útfluttar sjávarafurðir úr eldi eftir tegundum 1999-2011. Sótt 15. nóvember af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Sjavarutvegur-og-landbunadur/Utflutningur>

Hagstofa Íslands. Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2011. Sótt 31. október 2012 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=14127>

Hagstofa Íslands. Sjávarútvegur og landbúnaður. Sótt 31. október 2012 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Sjavarutvegur-og-landbunadur>

Hagstofa Íslands. Heildarvelta eftir atvinnugreinum og tímabilum 2010-2012. Sótt 31. október 2012 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Fyrirtaeki-og-velta/Veltutolar>

Hagstofa Íslands. Hlutur atvinnugreina í landsframleiðslu 1997-2011. Sótt 31. október af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Thjodhagsreikningar/Framleidsluuppgjor>

KPMG endurskoðun. 2010. *Skýrsla KPMG endurskoðunar um áhrif gagnavers Verne Holding á atvinnulíf á Suðurnesjum sem kynnt var fyrir iðnaðarnefnd Alþingis*.

Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Eldið - Slátrun á eldisfiski í tonnum, heill óslægður fiskur. Sótt 15. nóvember 2012 af <http://lfh.is/hagtolar-eldid.htm>

Linda B. Bryndísadóttir. 2011. *Ekki er allt sem sýnist. Mat á þjóðhagslegri arðsemi íslensks sjávarútvegs*. BS ritgerð. Hagfræðideild HÍ.

Marine Institute. 2007. *Sea Change – A Marine Knowledge, Research and Innovation Strategy for Ireland 2007–2013*. Írland.

Porter, Michael E. 1990. *The Competitive Advantage of Nation*. Free Press, New York.

Ragnar Árnason og Sveinn Agnarsson. 2005. *Sjávarútvegur sem grunnatvinnuvegur á Íslandi*. Reykjavík.

Ragnar Árnason og Þór Sigfússon. 2011. *Umfang og horfur í tæknifyrirtækjum í sjávarklasnum. Frumathugun á fjölda tæknifyrirtækja í sjávar- klasnum, þróun og horfur*. Íslenski sjávarklasinn, Reykjavík.

Ragnar Árnason og Þór Sigfússon. 2012. *Þýðing sjávarklasans í íslensku efnahagslífi*. Gefið út af Íslandsbanka, Reykjavík.

Pinfold, G. (2009). *Economic Impact of Marine Activities in Large Ocean Management Areas*. Ottawa, Kanada.



## ÍSLENSKI SJÁVARKLASINN 2012

[www.sjavarklasinn.is](http://www.sjavarklasinn.is)

Stofnaðilar samstarfsvettvangs Íslenska sjávarklasans



MANNVIT

